



Þekkingarnet  
Þingeyinga

## ÞEKKINGARSTARFSEMI OG NÝSKÖPUN Í MÝVATNSSVEIT

---

Greinargerð um myndun  
þekkingarseturs í Mývatnssveit



---

Máí 2016



Mái 2016

Þekkingarnet Þingeyinga

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*

Mynd 1-3: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir

Mynd 4: Margrét Hólm Valsdóttir

*Ábyrgð / ritstjórn:*  
*Þekkingarnet Þingeyinga / Óli Halldórsson*

*Framkvæmd:*  
Margrét Hólm Valsdóttir

Starfshópur Skútustaðahrepps um uppbyggingu  
fræða- og þekkingarseturs í Mývatnssveit

(Ásta Kristín Benediktsdóttir, Bjarni Jónasson,  
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson)

ISBN 978-9935-405-51-7



# Efnisyfirlit

Samantekt .....	6
1.0. Inngangur .....	8
2.0. Þekkingar/fræðasetur – hvað er nú það? .....	10
2.1. Markmið verkefnisins .....	11
2.2. Nánari útfærslur/uppbygging .....	12
2.2.1. Húsnæðiskostir .....	12
2.2.2. Eignarhald .....	12
3.0. Þarfagreining þekkingarseturs .....	15
3.1. Könnun meðal mögulegra notenda .....	15
3.2. Húsnæðisþörf – stærð húsnæðis .....	18
3.3. Þekkingarsetrið á Húsavík: Dæmi til hliðsjónar .....	20
3.4. Þekkingarstarfsemi- rýmisþörf – gróft mat .....	24
3.5. Sýningarastaða – rýmisþörf .....	25
3.6. Samanlögð rýmisþörf .....	25
4.0. Kostnaður .....	26
4.1. Kostnaður þekkingarseturs .....	26
4.2. Kostnaður sýningarrýmis .....	27
5.0. SVÓT-greining .....	28
5.1. Helstu niðurstöður SVÓT-greiningar – flokkarnir fjórir .....	30
6.0. Staðsetningarkostir Þekkingarseturs í Mývatnssveit .....	32
6.1. Forsendur staðsetningarkosta .....	32
6.2. Reykjahlíðarþorp .....	33
6.3. Svæði við afleggjara að Hverfjalli (Hverfelli) .....	35
6.4. Dimmuborgir .....	36
6.5. Skjólbrekka .....	37
6.6. Hofstaðir .....	38
6.7. Grímsstaðir .....	39
6.8. Niðurstöður staðsetningarkosta .....	40
7.0. Niðurstöður .....	43
7.1. Þekkingarsetur - raunhæfur kostur í Mývatnssveit .....	43

7.2.	Stærð og umfang .....	43
7.3.	Staðsetning þekkingarseturs.....	44
7.4.	Aðgerðir – næstu skref .....	44
Viðauki 1	– Spurningakönnun .....	46
Viðauki 2	– Heildarsvör úr SVÓT-greiningu .....	48
Viðauki 3	– Opin svör aðila í könnun.....	52
Viðauki 4	– Fundir starfshóps um þekkingarsetur.....	55

## Samantekt

Á árinu 2015 var samþykkt að skipa starfshóp sem kannaði möguleika á uppbyggingu fræða- eða þekkingarseturs í Mývatnssveit. Styrkveiting fékkst til verkefnisins frá Uppbyggingarsjóði Eyþings og Þekkingarnet Þingeyinga tók að sér verkefnastjórn. Aflað hefur verið upplýsinga um þekkingarstarfsemi í Mývatnssveit og á öðrum stöðum til samanburðar. Lögð var könnun fyrir ýmsa aðila sem mögulegt er að geti komið að samstarfi við rekstur þekkingarseturs í Mývatnssveit. Kostir á staðsetningu og útfærslu slíks seturs voru kannaðir og gerð greining á styrkleikum og veikleikum ólíkra valkosta.

Eftirfarandi eru meginniðurstöður starfshópsins:

- Hópurinn telur mjög fýsilegt (byggðalega og rekstrarlega) og gerlegt að reka þekkingarsetur í Mývatnssveit.
- Staðsetningarkostur er að öllu skoðuðu hentugastur við Grímsstaði.
- Undirbúningi að framkvæmd/útfærslu varanlegrar aðstöðu/þekkingarseturs þyrfti að setja í gang sem fyrst (haustið 2016) og stefna að opnun nýs þekkingarseturs í Mývatnssveit innan 2ja ára.
- Undirbúningi bráðabirgðaaðstöðu þyrfti að koma í farveg sem fyrst (haust 2016). Horft verði sérstaklega til húsnæðis Skútustaðahrepps sem samliggjandi er skrifstofu hreppsins í Reykjahlíðarþorpi.
- Aðilum sem lýst hafa áhuga á þátttöku í þekkingasetri verði þegar í stað gefinn kostur á að koma inn í það húsnæði sem fundið verður til bráðabirgðaaðseturs næstu tvö árin.





## 1.0. Inngangur

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps sem haldinn var þann 25. febrúar 2015 var samþykkt að skipa starfshóp sem kannaði möguleika á uppbyggingu fræða- eða þekkingarseturs í Mývatnssveit. Vinnuhópurinn skipuðu Sigurður G. Böðvarsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Bjarni Jónasson og Ásta Kristín Benediktsdóttir. Hópurinn hittist á fimm fundum á útmánuðum 2015 og skilaði skýrslu í apríl. Upp úr þeirri vinnu var ákveðið að sækja um styrk til Uppbyggingarsjóðs Eyþings í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga. Ástæða þess að Þekkingarnet Þingeyinga var fengið til samvinnu er sú að innan veggja þess er mikil þekking á starfsemi þekkingarsetra og eitt af hlutverkum stofnunarinnar er að stuðla að samþættingu þekkingarstarfs á starfssvæði hennar. Styrkur fékkst til verkefnisins og fékk það nafnið „Þekkingarstarfsemi og nýsköpun í Mývatnssveit“.

Haustið 2015 var verkefnisstjóri ráðinn til verkefnisins, Margrét Hólm Valsdóttir og hóf hún störf í nóvember sl.



## 2.0. Þekkingar/fræðasetur – hvað er nú það?

Ekki eru til neinar opinberar skilgreiningar á því hvaða starfsemi skal rúmast innan þekkingar- eða fræðasetra. Það má skilgreina þekkingar- eða fræðasetur á þann hátt að um sé að ræða setur sem sett hafa verið á fót um land allt og sinna margvíslegri þekkingarstarfsemi og sum þeirra eru símenntunarstöðvar sem starfa eftir samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ráðuneytið gaf út yfirlitsskýrslu um starfsemi þekkingarsetra á Íslandi árið 2010 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010, bls. 3). Þar kemur eftirfarandi fram:

Þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni er margbrotin að samsetningu og einkennist af smáum en fjölbreyttum einingum. Ljóst er að háskóla- og rannsóknarstarfsemi ýmis konar og tengsl hennar við stöðkerfi atvinnulífsins og fyrirtæki er mikilvæg. Jákvæð áhrif slíkrar þróunar fyrir samfélög, t.d. á fjölbreytni í atvinnu- og mannlífi er vel þekkt. Menningarstarfsemi er einnig afar mikilvæg í þessu samhengi. Menningarleg kjölfesta býr í haginn fyrir nýsköpun þar sem hún eflir framtakssemi í atvinnulífi og gerir staði aðlaðandi til búsetu fyrir menntað vinnuafl. Samstarf og samskipti eru lykillinn að því að umbreyta rannsóknum og þróunarvinnu í raunverulega nýsköpun, vöruþróun, viðskiptatekifæri, samfélagsumbætur og aukna velferð. Samskipti og samstarf eru þannig jafn mikilvæg og fjárfestingar í rannsóknum og þróun. Forsenda skilvirks nýsköpunarkerfis í þekkingarsamfélagi nútímans er flæði þekkingar á milli fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana. Með enn frekara samstarfi þekkingarsetra sín á milli, við háskóla, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki má nýta mannauð og aðstöðu enn betur og stórauka aðgengi nemenda og fræðimanna að auðlindum menningar og náttúru landsins.

Ýmis starfsemi getur farið fram innan slíkra setra, hvort sem um er að ræða stofnanir tengdar skólastarfi og/eða rannsóknarstarfi, aðrar stofnanir eða stjórnvíssla sem sjá ávinning í að vera hluti af frjóu vinnuumhverfi í stað þess að vera litlar einmenningsstöðvar sem hafa lítil samskipti við umhverfi sitt. Í Mývatnssveit háttar þannig til að nokkrar stofnanir á þekkingarsviði eru starfandi á svæðinu og reka þar starfsstöðvar og hafa starfsfólk á sínum snærum. Því er ljóst að þar eru þegar fyrir hendi, forsendur fyrir myndun „þekkingarklasa“.

## 2.1. Markmið verkefnisins

Í umsókn í Uppbyggingarsjóð voru markmið verkefnisins skilgreind á eftirfarandi hátt:

- Mynda þekkingarsetur í Mývatnssveit og þróa og útfæra leið til að mynda nauðsynlegan samstarfsvettvang aðila í þekkingarstarfsemi í Mývatnssveit.
- Gera þarfagreiningu meðal þeirra aðila sem myndu koma að slíku setri og einnig að leita að mögulegum húsnæðiskostum og útfæra þá með tilliti til þarfagreiningar.

Helstu kostir við að mynda slíkan samstarfsvettvang væru að skapa nýtt og frjótt vinnuumhverfi sem:

- Gæti bætt möguleika yngra fólks með háskólamenntun til búsetu í dreifðri byggð Mývatnssveitar.
- Myndi skapa kjöraðstæður til að viðhalda störfum í þekkingarstarfsemi sem höfða til beggja kynja.
- Myndi treysta og festa í sessi þau þekkingarstörf sem fyrir eru.
- Myndi hvetja til þverfaglegar samvinnu.
- Gæti laðað að ný störf í þekkingarstarfsemi.
- Væri hvetjandi til náms fyrir Mývetninga og aðlaðandi til vinnu fyrir fjar- og rannsóknanema.
- Gæti búið til vinnuástöðu fyrir einstaklinga sem og alþjóðlega rannsóknarhópa

Ávinningur slíks fræðaseturs er bæði efnahagslegur og samfélagslegur. Slík starfsemi eflir starfsemi á þekkingarsviði, treystir og festir í sessi þá starfsemi sem fyrir er og hvetur til samvinnu. Það skapar forsendur fyrir starfsemi nýrra stofnana á sviði þekkingarstarfsemi og að færa heim í hérað störf sem nú eru hýst annars staðar. Ennfremur er slíkt setur nýr vettvangur til útleigu húsnæðis til þekkingartengdra starfa í Mývatnssveit, hvort sem er til lengri eða skemmri tíma. Ekki síst skyldi nefna samfélagslega þætti slíkrar starfsemi enda myndi slíkt þekkingarsetur styrkja innviði samfélagsins á margvíslegan hátt, m.a. með því að skapa nýjan og frjóan vinnustað sem yrði stór á mývetnskan mælikvarða. Vinnustaður, sem samsettur er á þann hátt sem vonir standa til, gæti skapað nýja umræðuhefð í Mývatnssveit á milli sveitarfélags, stofnana, námsmanna og einstaklinga.

## 2.2. Nánari útfærslur/uppbygging

Þegar farið er að huga að uppbyggingu þekkingarsetursklasa eins og hugmyndir eru um í Mývatnssveit, þar sem húsnæði er af skornum skammti, vakna fljótt spurningar um byggingu og framkvæmd hennar: Hver á að byggja byggingu fyrir slíka starfsemi? Hver á að eiga bygginguna? Hvaða leið er best að fara í slíkri uppbyggingu? Hvernig er hægt að fjármagna hana?

Þetta eru stórar spurningar og varla hægt að svara þeim á þægilegan hátt í einu litlu verkefni. Hins vegar er hægt að setja fram ákveðnar hugmyndir að leiðum til útfærslu sem skoða má við nánari vinnu við uppbyggingu þekkingarseturs. Hafa ber í huga að þessu verkefni er ekki ætlað að útfæra að fullu leiðir til fjármögnunar slíkrar byggingar heldur fyrst og fremst að setja fram hugmyndir um leiðir.

### 2.2.1. Húsnæðiskostir

Þrjár leiðir virðast vera eftar á borði þegar húsnæðiskostir eru skoðaðir varðandi uppbyggingu þekkingarseturs:

- a. Nýta það húsnæði sem til er á svæðinu og leigja óbreytt ef hægt er.
- b. Nýta það húsnæði sem til er á svæðinu og breyta því þannig að það henti starfseminni.
- c. Byggja nýtt sérsniðið húsnæði sem hentar starfseminni frá byrjun.

### 2.2.2. Eignarhald

Hér eru settar fram nokkrar leiðir að eignarhaldi. Í öllum þessum tilfellum er verið að hugsa um að eignaraðili framleigi til þeirra sem nýta húsnæðið.

#### a. Sveitarfélagið

- Sveitarfélagið tekur að sér byggingu húsnæðisins, á það og leigir út. Sveitarfélagið er jafnframt með eigin starfsemi í hinu nýja húsnæði. Forsenda væri þá leigusamningar sem tryggja leigutekjur fyrir þann hluta sem ekki snýr að skrifstofum sveitarfélagsins sjálfs (þekkingarstarfsemin).

#### **b. Ríkið**

- Framkvæmt á sama hátt og sveitarfélagsleiðin hér að ofan enda hafi ríkið verið að huga að byggingu fyrir þær stofnanir sem í rekstri eru í sveitarfélaginu.

#### **c. Sveitarfélag og ríkið**

- Sveitarfélag og ríki taka höndum saman og byggja húsnæðið enda hafi báðir aðilar verið að huga að byggingu fyrir sína starfsemi. Bæði þær stofnanir sem ríkið kemur að og sveitarfélagið verða þar með aðstöðu. Dæmi um þetta fyrirkomulag er stofnun og nýbygging Nýheima, þekkingarseturs á Höfn í Hornafirði, þar sem byggt var utan um starfsemi framhaldsskóla og fleiri stofnana ríkis og sveitarfélaga.

#### **d. Einkaaðili**

- Verktaki tekur að sér byggingu slíks seturs og leigir út til notenda. Um er að ræða langtímaleigusamning á milli aðila þar sem leiguverð tekur mið af byggingar- og rekstrarkostnaði og fylgir vísitölu. Verktaki sér um rekstur og viðhald byggingarinnar. Dæmi um slíka byggingu og rekstur má sjá í Dimmuborgum þar sem einkaaðili leigir sínar byggingar til rekstraraðila. Eins þekkingarsetrið á Húsavík, þar sem húsnæði er í eigu einkaaðila og leigt til þekkingarnets Þingeyinga, sem framleigir öðrum aðilum hluta hússins.

#### **e. Sjálfseignarstofnun (SES)**

- Aðilar sem hafa hug á byggingu þekkingarseturs stofna um það sjálfseignarstofnun sem byggir og leigir út setrið til lysthafenda. Þannig er sá aðili sjálfstæður skattaaðili sem er ábyrgur fyrir byggingu og rekstri. Tilgangur stofnunarinnar er að byggja og reka þekkingarsetur í Mývatnssveit og munu tekjur hennar koma í gegnum leigutekjur frá leigjendum. Stofnunin ber ábyrgð á sínum skuldbindingum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum sem hún kann að eignast síðar. Dæmi um þetta fyrirkomulag er norðurljósarannsóknastöðin við Kárhól í Reykjadal, þar sem

mynduð hefur verið sjálfseignarstofnun sem byggir og framkvæmir en gerir langtímaleigusamning við notanda hússins.

Flétta má þessa tvo kafla saman á margan hátt, þ.e. húsnæðiskosti og eignarhald. Til dæmis gæti eignarhald nýbyggingar verið samkvæmt öllum leiðunum (a – e).

Í ljósi þess að húsnæðisskortur hefur verið mikið til umræðu í Mývatnssveit undanfarin ár hljóta sjónir manna helst að beinast að því að um nýbyggingu verði að ræða, þó að aðrir húsnæðiskostir séu líka til staðar en þó í mjög takmörkuðum mæli.

## 3.0. Þarfagreining þekkingarseturs

### 3.1. Könnun meðal mögulegra notenda

Til að greina húsnæðisþörf mögulegra notenda þekkingarseturs var ákveðið að senda út könnun til ákveðinna aðila sem hugsanlega gætu séð ávinning í því að tilheyra þekkingarsetri í Mývatnssveit eða höfðu sett sig í samband við Skútustaðahrepp/Þekkingarnet Þingeyinga og lýst yfir áhuga á stofnun og þátttöku í þekkingarsetri, yrði það að veruleika.<sup>1</sup> Einkum var horft til þeirra aðila sem eru þegar með starfsemi í sveitinni eða í nágrenni hennar. Einnig var ákveðið að senda aðilum sem stunda rannsóknir á svæðinu boð um að taka þátt í könnuninni, sem og háskólum landsins eða rannsóknarsetrum þeim tengdum. Með þessu var einnig verið að skoða grundvöll ákveðins samstarfsvettvangs í þekkingarstarfsemi í sveitinni, sem var eitt af markmiðum verkefnisins.

Svör við rýmiskönnun sem send var út bárust frá 16 aðilum. Einnig bárust svör í tölvupósti frá tveimur aðilum sem lýstu áhuga á þátttöku í þekkingarsetri, yrði það að veruleika, en sáu sér ekki fært að svara könnuninni eða fannst svörin sem þar voru í boði ekki eiga við.

Spurt var hvers konar rými myndi henta best. Boðið var upp á eftirtalda valkosti:


- Opið skrifstofurými
- Lokað skrifstofurými
- Tímabundið skrifstofurými
- Tímabundið námsrými
- Námsaðstöðu/sal
- Fundaraðstöðu

Einnig var auður reitur fyrir opin svör þar sem hægt var að koma á framfæri öðrum óskum, hugmyndum eða möguleikum en gefnir voru upp.

---

<sup>1</sup> Þarfagreiningarkönnun fylgir með sem fylgiskjal.





Samkvæmt þessum niðurstöðum virðist áætluð þörf fyrir þekkingarsetur ekki hafa verið úr lausu lofti gripin enda eru þetta alls níu opin skrifstofurými, þrettán lokað skrifstofurými og samtals tuttugu tímabundin skrifstofu-/námsrými (þarna var ekki skilgreint hvort þessi rými þyrftu að vera opin eða lokað). Ellefu af þeim aðilum sem þátt tóku í könnuninni töldu sig hafa þörf fyrir einhvers konar fundaraðstöðu. Slíka aðstöðu mætti einnig nota sem námssal, annaðhvort fyrir fyrirlestra eða próftöku, en leiða má getum að því ef aðstaðan sé fyrir hendi aukist eftirspurn eftir slíku rými.

Ef rýnt er í opnu svörin sem komu frá þátttakendum könnunarinnar kemur fram að tveir aðilar lýsa yfir þörf fyrir sýningarsal sem væri að lágmarki 100 m<sup>2</sup>. Einnig kemur fram hjá nokkrum aðilum að nauðsynlegt yrði að bjóða upp á einhvers konar móttöku, þar sem hægt væri að hafa sameiginlega afgreiðslu og upplýsingagiöf. Einnig komu fram hugmyndir um sölurými. Salur með fjarfundabúnaði þyrfti að vera á staðnum og gæti það verið sá salur sem notaður yrði bæði til fundahalda og náms. Sameiginlegt rými með prentara og netaðgangi er einnig nauðsynlegt að mati aðila. Hugsanlegt er að hægt væri að sameinast um einn umsjónaraðila sem sæi um umsýslu á sameiginlegu rými og starfsemi, líkt og gert er á Þekkingarsetrinu á Húsavík, enda kom fram að nauðsynlegt væri að sameiginleg aðstaða yrði góð. Einnig kom fram að starfsmannaaðstaða þyrfti að vera góð, búningaástaða, snyrtingar með sturtuáðstöðu, þvottaáðstöðu og eldhús/mötuneyti.

Einnig komu fram þau sjónarmið í svörum þátttakenda að þeir hefðu aðstöðu annars staðar í sveitinni nú þegar en það myndi hugsanlega breytast með tilkomu setursins.

Einn þátttakandi velti upp því sjónarmiði að hugmynd um slíkt þekkingarsetur væri mjög góð og þörf. Hins vegar héngi það á spýtunni að húsnæðisekla væri mikil í sveitinni og ef áhugi og þörf væri fyrir því að stunda rannsóknir eða fræðistörf yfir sumartímann væri það nánast ómögulegt þar sem erfitt væri að fá gistiþláss og/eða að það væri svo dýrt að fá gistingu yfir háönn ferðamannatímans. Þessi þáttur væri mjög takmarkandi hvað varðar rannsóknarvinnu í sveitinni. Þess vegna má velta upp þeirri spurningu hvort að við skipulagningu þekkingarseturs þurfi ekki að taka tillit til búsetuþarfa þeirra sem nýta sér aðstöðu setursins og skipuleggja að auki svæði til bygginga smáhýsa sem hægt væri að leigja út til þeirra sem þyrftu á húsnæði að halda til lengri eða skemmri tíma. Ef slíkt setur á að geta þjónað aðilum sem stunda rannsóknarstörf tímabundið í sveitinni væri gott að útfæra hugmynd að lausn þessa bráða húsnæðisvanda sem er til staðar, a.m.k. yfir hásumartímann.

### 3.2. Húsnæðisþörf – stærð húsnæðis

Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda þeirra rýma sem þátttakendur í rýmiskönnun töldu sig hafa not fyrir í þekkingarsetri:

Tegund aðstöðu	Fjöldi
Opið skrifstofurými	9
Tímabundið skrifstofurými	12
Lokað skrifstofurými	13
Tímabundið námsrými	8
Fundaraðstaða/salur	11
Námsaðstaða/salur	1
Sýningaraðstaða/salur	2

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirliti ríkisins skal hvert lokað rými vera 7 m<sup>2</sup> en ef rýmin eru opin þarf rýmið að vera heldur minna eða á bilinu 5–7 m<sup>2</sup>.

Rétt er að taka það fram áður en lengra er haldið að starfshópurinn taldi rétt að greina strax í sundur tvo tengda en þó ólíka þætti í þarfagreiningunni og vinna með þá á þann hátt. Þessir þættir gengu undir vinnuheitinu „minni hugmyndin“ og „stærri hugmyndin“ á vinnslustigi verkefnisins.

(a) Þekkingarsetur (minni hugmynd)

- Hér er verið að horfa á aðstöðu fyrir hreina þekkingarstarfsemi, þ.e. skrifstofu-, funda- og námsrými.

(b) Samsett aðstaða þekkingarseturs og sýningaraðstöðu (stærri hugmynd)

- Þarna er horft til þess að auk hreinnar þekkingarstarfsemi verði einnig önnur starfsemi í húsnæðinu, s.s. gestastofur stofnana sem starfræktar eru á svæðinu.

Ofangreind svör úr þarfagreiningarkönnuninni gefa til kynna mikla þörf fyrir rými. Þannig kemur fram að þörf geti verið fyrir um 10 vinnustöðvar í opnu rými og 15 lokað rými! Ef

unnið er með þær stærðir er ljóst að um allstórt húsnæði yrði að ræða fyrir Þekkingarsetrið í Mývatnssveit. Starfshópurinn telur þó mikilvægt að taka tillit til þess að ekki var um skuldbindandi svörun að ræða, sem hefur án efa áhrif á mat og afstöðu svarenda. Þannig sé ekki raunhæft að horfa á heildarfjölda þeirra rýma sem fram komu í könnunni sem forsendu eina og sér. Varfærnara og eðlegra sé að líta svo á að svörunin sýni fyrst og fremst mikinn áhuga á verkefninu og augljósa þörf á myndun þekkingarseturs. Ef eingöngu er horft til þeirra opinberu aðila sem þegar starfa í Mývatnssveit og eru nú þegar að reka/kosta húsnæði fyrir starfsemi sína er myndin á þessa leið:

Stofnun	Fjöldi starfsmanna/ starfsstöðva
Skútustaðahreppur – skrifstofa*	3-4
Umhverfisstofnun*	1-2
Vatnajökulsþjóðgarður*	1-2
Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn	2
Mývatnsstofa	1-2
Landgræðslan**	1
Alls	<b>8-13</b>
*Breytileiki vegna hlutastarfsmanna eða afleysingafólks	
**Er ekki <u>sem stendur</u> með starfsmann á skrifstofu í Mývatnssveit	

Með hliðsjón af ofangreindu er hægt að leiða getum að því að lægri mörk í húsnæðisþörf sé húsnæði sem tryggir 8–13 vinnustöðvar í ýmist opnum eða lokuðum rýmum auk fjölnota sals sem gæti rúmað 10–15 manns. Einnig má sjá fyrir sér ákveðinn miðjukjarna sem gæti rúmað hugmyndir um móttöku eða afgreiðslu, sameiginlegt rými og starfsmannaaðstöðu. Efri mörk í húsnæðisþörf væru þá um tíu opin rými og fimmtán lokuð rými auk fyrrgreinds sameiginlegs rýmis í hlutfalli. Nauðsynlegt er að í byrjun sé ekki áætlað að hafa rýmið of lítið þar sem ætla má að þegar reynsla kemst á notkun setursins muni eftirspurn eftir rými aukast. Þó telur hópurinn í ljósi þess mikla munar á raunverulegri nýtingu húsnæðis þekkingaraðila í dag og niðurstaðna þarfagreiningarkönnunarinnar æskilegt að nálgast verkefnið út frá áfangaskiptingu. Þannig verði fyrri áfangi hugsaður út frá raunhæfum húsnæðisnotum sem hægt er að koma í skuldbindandi rekstur með þó eðlilegum stækkunarmöguleikum. Síðari áfangi verði hannaður og hugsaður frá upphafi sem möguleiki á stækkun á vinnurýmum sem myndu samnýta sameiginlega aðstöðu.

Auk þessa eru, eins og fram hefur komið hér að framan, hugmyndir á lofti hjá hugsanlegum notendum setursins um sýningarsali eða gestastofur sem gott væri að hanna í tengslum við setrið – og gætu verið forsenda fyrir þátttöku þeirra stofnana sem slíkt á við um. Möguleiki væri þá að ná fram ákveðinni hagkvæmni með því að samnýta sameiginlega móttöku og starfsmannaaðstöðu og starfsmann/starfsmenn sem gætu sinnt ákveðnum störfum sameiginlega. Jafnframt mætti haga áfangaskiptingu framkvæmda með tilliti til þessa.

### **3.3. Þekkingarsetrið á Húsavík: Dæmi til hliðsjónar**


Ef horft er til Þekkingarsetursins á Húsavík þá hefur það yfir að ráða húsnæði á Hafnarstétt 3 sem er um 400 m<sup>2</sup>. Innan setursins starfa nú fimm stofnanir. Hjá Þekkingarneti Þingeyinga, sem er húsráðandi á staðnum, starfa sex starfsmenn á Húsavík og þrír á Þórshöfn en auk þess vinna fleiri árstíðabundið við rannsóknir og kennslu. Náttúrustofa Norðausturlands er með fimm starfsmenn á heilsársgrunni og eitt til þrjú tímabundin störf, Rannsóknasetur Háskóla Íslands er með þrjá starfsmenn, starfsstöð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á Húsavík hefur einn starfsmann og starfsstöð RÚV á Húsavík einn. Alls gera þetta 16 störf á Húsavík og þrjú störf á Þórshöfn á ársgrundvelli. Ef tímabundin störf eru talin með gætu störf á Húsavík verið nálægt 20 á ársgrundvelli.




fjölgun þeirra stofnana sem eru innan Þekkingarsetursins á Húsavík og hafa í huga að sníða starfseminni ekki of þröngan stakk í byrjun svo hún geti þróast áfram með líkum hætti og raunin hefur orðið á Húsavík.

Á meðfylgjandi myndum má sjá þróun í starfsmannafjölda, annars vegar hjá Þekkingarneti Þingeyinga og hins vegar hjá Náttúrustofu Norðausturlands, til að setja starfsmannaþróun í slíkum þekkingarklasa í samhengi en þessar upplýsingar eru fengnar úr ársskýrslum beggja stofnana.

### Starfsmannapróun Náttúrustofu Norðausturlands



### Starfsmannapróun Þekkingarnets Þingeyinga





### 3.4. Þekkingarstarfsemi- rýmisþörf – gróft mat

Gagnlegt er að draga saman mögulega heildarrýmisþörf fyrir þekkingarklasa, þ.e. skrifstofu- og vinnuaðstöðuna út frá starfsmannafjölda og þeirri könnun sem gerð var á þörfum og áhuga. Í meðfylgjandi töflu má sjá gróft mat á stærðartölum m.t.t. þessa:

		Fjöldi í húsi	m <sup>2</sup> /p.starfsm.	m <sup>2</sup> í heild
Raundæmi til viðmiðunar	Þekkingarsetrið á Húsavík – Hafnarstétt 3 <b>Raundæmi til hliðsjónar:</b> <b>-15 heilsársstarfsmenn</b> <b>-5 námsmenn/tímabundnir starfsmenn</b> <b>= 20 starfsmenn í húsi</b>	20	20 m <sup>2</sup>	400 m <sup>2</sup>
Mögulegar útfærslur þekkingarklasa í Mývatnsveit	Þekkingarsetur í Mývatnsveit - stórt	15	20 m <sup>2</sup>	300 m <sup>2</sup>
	Þekkingarsetur í Mývatnsveit - stórt	12	20 m <sup>2</sup>	240 m <sup>2</sup>
	Þekkingarsetur í Mývatnsveit - meðal	10	20 m <sup>2</sup>	200 m <sup>2</sup>
	Þekkingarsetur í Mývatnsveit - minnst	8	20 m <sup>2</sup>	160 m <sup>2</sup>
	<p>Ofangreindar tölur um Mývatnsveit eru framreiknaðar út frá rauntölum fermetra og starfsmanna/-stöðva úr starfsemi Þekkingarsetursins á Húsavík. Þessar tölur eru eingöngu settar fram til viðmiðunar og er mjög mikilvægt að slá eftirfarandi varnagla:</p> <p>(i) Stærðarhlutföll eru líkleg til að breytast eftir fjölda á þann veg að með færri starfsmönnum verði færri um samrými, sem hækkar fermetraþörf per einstakling.</p> <p>(ii) Húsnaði Þekkingarsetursins á Húsavík er óvenjulega mikið nýtt þar sem nokkuð umfangsmikil starfsemi var aðlöguð að því rými sem í boði var, en ekki út frá þarfagreiningu frá grunni. Mögulegt er að í sérsniðinni nýbyggingu yrðu fermetrar eitthvað fleiri en í þessu dæmi.</p>			

### 3.5. Sýningaraðstaða – rýmisþörf

Þótt ekki séu margir aðilar sem telja þörf á sýningaraðstöðu er ljóst að sú aðstaða lýtur nokkuð öðrum lögmálum en rekstur skrifstofu-/vinnurýmis. Sýningar útheimta mun fleiri fermetra og mögulega aðrar þarfir, t.d. varðandi lofthæð, glugga/birtu, gestaaðstöðu og fjölda bílastæða. Þær sýningar sem aflað hefur verið upplýsinga um í þessu samhengi eru neðangreindar:

- (1) Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir norðurhluta hálendisins
- (2) Sýning Umhverfisstofunar um verndarsvæði Mývatns og Laxár
- (3) Landgræðslusýning í Dimmuborgum

Rétt er að taka fram að ekki liggja fyrir ákvarðanir um neina þessara sýningahugmynda, hvorki fjármögnun, útfærslu eða nákvæma staðsetningu. Í vinnu starfshópsins hafa þó komið fram upplýsingar um þessi áform og telur hópurinn mjög mikilvægt að þetta sé tekið til greina í þessu verkefni, t.a.m. með því að útiloka ekki sambýli slíkrar starfsemi, enda sé augljós samlegð af starfsemi sýninga og þekkingarklasa – og slíkt sé jafnvel forsenda fyrir þátttöku viðkomandi stofnana í þekkingarsetri. Þá er rétt að taka fram að með auknum fjölda ferðamanna hefur slíkum framkvæmdum verið hrundið af stað í öðrum landshlutum.

### 3.6. Samanlögð rýmisþörf

Ef við drögum saman þær hugmyndir sem settar hafa verið fram hér að framan, þ.e. um hve stóra byggingu gæti verið að ræða við uppbyggingu þekkingarseturs, er ljóst að eðlilegt er að horfa á byggingu sem gæti verið á bilinu 160 – 300 m<sup>2</sup> í fyrsta áfanga (fer eftir fjölda starfsmanna/rýma í byggingunni). Þar er eingöngu horft til skrifstofuhlutans, en ekki sýningarstarfsemi. Ef um stærri hugmyndina yrði að ræða, þ.e. með sýningarrýmum sambyggðum þekkingar-/skrifstofuhlutanum, er verið að tala um mun stærri byggingu og fer það allt eftir stærð sýningarýmis og fjölda slíkra sala. Einnig þarf að gæta þess að sú hugmynd þarf einnig mun meira pláss í umhverfinu þar sem áætla þarf nægt rými fyrir bílastæði sýningargesta, auk bílastæða fyrir starfsfólk.

## 4.0. Kostnaður

### 4.1. Kostnaður þekkingarseturs

Ljóst er að óraunhæft er að setja fram nákvæmar og staðfestar kostnaðartölur fyrir myndun þekkingarseturs í Mývatnssveit þegar ekki liggja fyrir ákvarðanir um útfærslu, stærð og staðsetningu. Hér eru þó settar fram ákveðnar forsendur sem hægt er að horfa á til viðmiðunar. Um er að ræða kostnaðartölur byggðar á grófri áætlun rýmisþarfar og upplýsingum um nýbyggingarkostnað sem fengnar voru frá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings og Eiríki Pálssyni hjá Pro Ark teiknistofu. Leiguverð eldra húsnæðis var reiknað út frá upplýsingum um leiguverð atvinnuhúsnæðis á svæðinu. Til grundvallar leiguverði nýbyggingar var lagt fasteignamat á svæðinu, tryggingar sambærilegs húsnæðis, viðhald var reiknað 1% á ári, fastur kostnaður sem gæti skapast við reikningskil og 100% lántaka til 25 ára með verðtrygðum vöxtum 5,20%. Lánsfjármögnun getur að sjálfsögðu breyst eftir kjörum byggingaraðila/eiganda/lántaka hjá sinni lánastofnun og getur að öllum líkindum verið mun hagstæðari en hér er sýnt. Það ætti þá að leiða til lægra leiguverðs á nýbyggingu.

		Fjöldi í húsi	m <sup>2</sup> í heild	*Bygg. kostn	**Leigukostn. m.v. nýbyggingu (pr. ár)	***Leigukostn. m.v. eldra húsnæði (markaðsverð pr.ár)
Mögulegar útfærslur þekkingarklása í Mývatnssveit	<i>Þekkingarsetur í Mývatnssveit – stærst</i>	15	300 m <sup>2</sup>	105.000.000	9.585.500	7.200.000
	<i>Þekkingarsetur í Mývatnssveit – stórt</i>	12	240 m <sup>2</sup>	84.000.000	7.761.200	5.760.000
	<i>Þekkingarsetur í Mývatnssveit – meðal</i>	10	200 m <sup>2</sup>	70.000.000	6.557.000	4.800.000
	<i>Þekkingarsetur í Mývatnssveit – minnst</i>	8	160 m <sup>2</sup>	56.000.000	5.340.800	3.840.000

\*Byggingarkostnaður m.v. 350.000kr./m<sup>2</sup>  
\*\*Leigukostnaður m.v. nýbyggingarforsendur 2.800 kr./m<sup>2</sup>  
\*\*\*Leigukostnaður m.v. fordæmi um leiguverð stofnana í sveitarfélaginu 2.000 kr./m<sup>2</sup>

## 4.2. Kostnaður sýningarrýmis

Áform um sýningarrými liggja ekki fyrir á þessu stigi þrátt fyrir að fram séu komnar hugmyndir um sýningarstarfsemi af ýmsu tagi eins og áður hefur verið greint frá. Ekki verður fjallað hér nánar um sýningarrými og mögulegan húsnæðiskostnað þeim tengdum að öðru leyti en því að mjög líklegt má telja að ná megi fram nokkurri hagræðingu í byggingu og rekstri ef svo fer að sýningarstarfsemi verði byggð upp samhliða og innan sömu veggja og þekkingarsetur.

## 5.0. SVÓT-greining

Ákveðið var að nota svokallaða SVÓT-greiningu til að finna og flokka styrkleika verkefnisins. Við slíka greiningu eru eftirfarandi þættir skoðaðir og greindir: Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri. Þessum þáttum er skipt í innri og ytri þætti; horft er á styrkleika og veikleika inn á við og síðan á ógnanir og tækifæri þegar horft er út á við. Með því að gera slíka greiningu má gera sér vel grein fyrir snertiflötum verkefnisins, hvar tækifærin liggja og hvað ber að varast við uppbyggingu Þekkingarseturs Mývatnssveitar (ÞM). Við greiningarvinnunna voru báðir stærðarvalkostir þekkingarseturs hafðir í huga.

	Innri greining	Ytri greining
+	Styrkleikar Viðhalda	Tækifæri Nýta
-	Veikleikar Bæta	Ógnanir Uppræta eða bregðast við

Mynd 4.1. SVÓT greining (Nýsköpunarmiðstöð Íslands, á.á.)

Við gerð þessarar greiningar voru eftirfarandi spurningar hafðar til hliðsjónar:

- STYRKLEIKAR (horft inn á við)
  - Hvaða góðu eiginleika hefur ÞM?
  - Hvað er hægt að gera vel innan ÞM?
  - Hvaða úrræðum hefur ÞM aðgang að?
  - Hvað sjá aðrir sem kosti ÞM?
  - Hvað sjáum við sem kosti ÞM?

- VEIKLEIKAR (horft inn á við)
  - Hverjir gætu verið veikleikar ÞM?
  - Hvað gæti hugsanlega verið stærsti galli ÞM?
  - Hvað þarf að forðast við uppbyggingu ÞM?
  - Hvað þarf að forðast við starfsemi ÞM?
  - Hvað gæti verið óþægilegt í starfsemi ÞM?
  
- TÆKIFÆRI (horft út á við til umhverfisins)
  - Hvar liggja tækifærin fyrir ÞM?
  - Hverjir eru helstu aðilarnir sem tækifæri liggja hjá?
  - Verkefnatækifæri
  - Fjármögnun
  - Markaðssetning
  - Eru tækifæri í samfélaginu við stofnun ÞM?
  - Góð tækifæri geta m.a. orðið til vegna:
    - Tæknibreytinga
    - Breytinga í áherslum og stefnu sveitarstjórnar
    - Breytinga í áherslum og stefnu stofnana í sveitarfélaginu/héraðinu
    - Samfélagslegra breytinga, s.s. á mannfjölda, byggð, lífstíl o.fl.
    - Nýrra viðburða og atburða sem verða til við stofnun og starfsrækslu ÞM.
  
- ÓGNANIR (horft út á við)
  - Hvaða hindranir gætu verið í veginum?
  - Hvaða hindranir eru í veginum?
  - Valda þeir veikleikar sem gætu verið í kringum ÞM alvarlegum vandamálum út á við og ógna starfseminni?
  - Ógnar ný tækni hugmynd um þekkingarsetur í Mývatnssveit?
  - Geta aðilar unnið á móti hugmyndinni?
  - Hvaða aðilar gætu verið ógnun í ferlinu?

Við vinnslu þessa hluta verkefnisins var starfshópurinn kallaður til frekari samvinnu á hugarflugsfund auk Óla Halldórssonar forstöðumanns hjá Þekkingarneti Þingeyinga. Hver og einn þátttakandi lagði mat á hvern þátt fyrir sig og síðan voru allir þættir sameinaðir og farið yfir þá efnislega, hvort þeir ættu við eða ekki. Þegar farið verður í frekari uppbyggingu verður gott að hafa þessa þætti til hliðsjónar og stuðnings. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður greiningarvinnunnar.

Í sumum tilfellum má sjá sömu áherslur á fleiri en einum stað enda geta sumir þættir í eðli sínu verið bæði styrkleikar og veikleikar, ógnanir og tækifæri. Þættirnir eru að sjálfsögðu mismikilvægir og einnig geta menn haft mismunandi skoðun á því hvort þeir eigi í raun við. Enn fremur er hægt að sjá fyrir sér að þegar uppbygging verkefnisins er hafin sé hægt að endurskoða þá þætti sem komu fram þegar verkefnið var enn hugarfóstur. Hugsanlega má þá finna fleiri fleti sem geta skipt máli og láta aðra liggja á milli hluta. Þar sem mjög margir þættir komu fram var reynt að greina helstu niðurstöður úr hverjum flokki og fylgja þær hér á eftir. Þættina í heild má sjá í viðauka tvö.

## **5.1. Helstu niðurstöður SVÓT-greiningar – flokkarnir fjórir**

Á næstu síðu má sjá helstu niðurstöðu SVÓT-greiningar. Í viðauka tvö má sjá þættina í heild.

### Styrkleikar

- Frjótt vinnuumhverfi
- Samstarf stofnana og fyrirtækja, mannauður á einum stað.
- Sýnileiki fyrir nærsamfélagið ( betri meðvitund um stofnanir á svæðinu)
- Skemmtilegt og aðlaðandi vinnuumhverfi, mannauður stofnana á einum stað
- Sameinar frjóan hugmyndajarðveg ólíkra starfstétta, leiðir af sér frjóa sköpun, jafnvel óvart eða upp úr þurru.
- Lágmarksskostnaður á skrifstofurými
- Félagsglegur styrkur starfsmanna
- Vinnustaður sem breytist með umhverfinu, hægt að laga starfsemi vinnustaðarins að fólkinu sem vinnur þar hverju sinni.
- Gæti orðið einn stærsti vinnustaður sveitarinnar og fyrirtækja innan setursins með gott félagslíf.
- Mikilvægi sameiginlegrar kaffistofu – hjarta starfseminnar.
- Gott aðgengi að sérfræðimenntuðum starfsmönnum og námsmönnum sem geta tekið að sér kennslu og ýmis störf og námskeið.

### Veikleikar

- Gæti orðið of stór vettvangur í samfélaginu landfræðilega, erfitt að finna honum stað vegna stærðar.
- Of stór vinnustaður í samfélaginu. Dregur til sín of margt starfsfólk á einn stað og gæti tekið frá öðrum stöðum.
- Gæti orðið of fjölbreyttur og ósamstæður vinnustaður
- Erfið fjármögnun verkefna
- Samkeppni um fjármögnun, stofnanir eru í kapphlaupi um fjármagn sem er í boði
- Hvert er eignarhaldið á landinu?
- Ábyrgð – frumkvæði, hver dregur vagninn?
- Markaðsverð vs. byggingarkostnaður
- Fjarlægð frá stofnunum, fyrirtækjum og háskólum

### Ógnanir:

- Óljós áform um sameiningu stofnana t.d. UST og Landgræðslunnar og fyrirhuguð sameining RAMÝ og Náttúrufræðistofnunar.
- Markaðsverð vs. byggingarkostnaður, þ.e. byggingarkostnaður gæti orðið mun hærri en markaðsverð fasteignarinnar.
- Samfélagslega drottandi vinnustaður vegna stærðar sinnar
- Árekstrar gætu orðið vegna stærðar vinnustaðarins á móti öðrum minni.
- Grefur þetta undan starfsemi og nýtingu annarra húsa í sveitarfélaginu?
- Fjármögnun og rekstur óskýr.
- Húsnæðisskortur í sveitinni
- Vegagerð og samgöngur við sveitina
- Viðhorf og lítil skilningur íbúa til setursins
- Starfsmenn staddir í fílabesturni og hlusta ekki á umhverfið
- Skortur á frumkvæði aðila til að koma verkefni á laggirnar

### Tækifæri:

- Virkjar íbúa í frumkvöðlastarfsemi og sjálfstæðum verkefnum.
- Sameinar fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir í sveitinni og stuðlar að samvinnu.
- Samfélagslega mjög góður vinnustaður.
- Möguleikar á þróun og útfærslu háskólastarfs eða háskólastarfsemi síðar.
- Mikil tækifæri í samstarfi og nálægð við Þekkingarnet Þingeyinga.
- Aukið samstarf á milli stofnana við að draga fé inn á svæðið t.d. í formi styrkja.
- Getur leitt til herra menntunarstigs á svæðinu
- Aukið útsvar og fasteignagjöld, fleiri störf, auknar opinberar tekjur.
- Frjór, aðlaðandi vinnustaður laðar til sín fleiri opinber störf inn á svæðið.
- Skrifstofa sveitarfélagsins eflist verulega og tengist íbúum og þekkingarstofnunum á svæðinu.
- Mönnun stofnananna yrði mun auðveldari en í einmenningstöðvum.
- Rekstur stakra stofnana batnar með samrekstri.
- Gæti stuðlað að jákvæðri byggðapróun, aukin atvinna á svæðinu, fleiri íbúar.



## 6.0. Staðsetningarkostir Þekkingarseturs í Mývatnssveit

### 6.1. Forsendur staðsetningarkosta

Starfshópurinn kom að þessum hluta verkefnisins líkt og að SVÓT-greiningunni. Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps, var einnig fenginn til skrafs og ráðagerða um skipulag sveitarinnar. Bæði var unnið út frá stóru hugmyndinni, um setur sem er bæði þekkingarsetur og sýningarsetur með sölum, og þeirri minni sem inniheldur eingöngu skrifstofu- og þekkingarkjarna. Staðsetningarkostir hafa verið settir inn á tvær myndir til að auðvelda lesendum að glöggva sig á þeim stöðum sem um er að ræða.

Við mat á staðsetningu var reynt að meta á hlutlausan hátt staðarkosti út frá kostum og göllum hveirrar staðsetningar. Einnig var SVÓT-greiningin höfð til hliðsjónar.

Við vinnuna voru eftirfarandi þættir hafðir í huga:

- Hvaða góðu eiginleika hefur staðsetningin?
- Hvað er hægt að gera vel á staðnum?
- Hvernig er aðgengi að staðnum?
- Hentar staðurinn vel fyrir samsett setur, “stóra hugmyndin” eða einungis fyrir “litlu hugmyndina”?
- Eru nauðsynlegir innviðir til staðar (rafmagn, heitt og kalt vatn, vegakerfi). Er langt í þessa innviði?
- Hvernig eru samgöngur við staðinn?
- Er um stóra lóð að ræða? Eru stækkunarmöguleikar til staðar?
- Er húsnæði til staðar nú þegar sem hægt væri að nýta?
- Eru breytingarmöguleikar á því húsnæði sem til er?
- Er önnur starfsemi þegar á staðnum?
- Samningar við landeigendur, gætu þeir verið erfiðir?

## 6.2. Reykjahlíðarþorp

Í Reykjahlíðarþorpi voru nokkuð margir kostir ræddir. Þeir hafa verið merktir inn á meðfylgjandi mynd til að auðvelda lesendum að glöggva sig á þeim staðsetningum sem settar eru fram:



Mynd 5.1. Staðsetningarkostir í Reykjahlíðarþorpi (ja.is)

- 1a) Lóð vestan við Sniðil sem er inni á núgildandi skipulagi.
- 1b) Íþróttavöllurinn.
- 1c) Svæði á milli afleggjara að grunnskólanum og Múlavegar 1, sunnan Múlavegar.
- 1d) Svæðið á milli Strax-verslunarinnar og Helluhrauns.
- 1e) Núverandi húsnæði Skútustaðahrepps.

Rætt var um að íþróttavallarsvæðið (1.b.) henti mögulega vel en þó gæti verið að sú lóð væri of lítil. Svæði 1.c. á milli afleggjara að grunnskólanum og Múlavegar 1 þótti einnig ákjósanlegt til að mynda skemmtilega heild á milli grunnskóla og þekkingarseturs. Sú staðsetning, ásamt íþróttavellinum, er þó ekki innan skipulags og reyndar ekki inni á aðalskipulagi Skútustaðahrepps og heldur ekki innan leigulands sveitarfélagsins, þ.e. sú sem er austan Múlavegar, sem gæti verið stór galli. Núverandi húsnæði Skútustaðahrepps gæti hentað starfsemi til bráðabirgða með einhverjum breytingum. Svæði 1.d. á milli Strax verslunarinnar og Helluhrauns er tiltölulega þröngt nema fyrir litla byggingu. Lóð vestan við Sniðil gæti vel komið til greina þar sem hún er tiltölulega rúm.

#### Kostir:

- Nálægð við þjónustu, skóla og ýmsa núverandi starfsemi.
- Hugsanlegt húsnæði í boði til bráðabirgða (húsnæði sveitarfélagsins).
- Tengsl við núverandi lagnakerfi.
- Inni í aðalskipulagsstefnu sveitarfélagsins (að hluta).
- Styrkir þéttbýlið í þorpinu.

#### Gallar:

- Landeigendur – útheimtir samningaviðræður um breytta notkun (íþróttavöllur) eða aukið landrými (svæði austan Múlavegar).
- Lítið landrými fyrir stærri eininguna.
- Fáir valkostir hvað varðar staðsetningu.
- Þegar er mikið álag á svæðinu vegna umferðar ferðamanna sem leiðir af sér mikið álag á íbúa.
- Sunnan Austurlandsvegar er um nægt landrými að ræða en það er hverfisverndarsvæði og einnig óskipulagt.

### 6.3. Svæði við afleggjara að Hverfjalli (Hverfelli)

Þetta svæði gæti hentað vel þar sem það er í stuttri fjarlægð frá þéttbýlinu í Reykjahlíð en þó ekki inni í því. Það myndi því ekki auka umferð og ónæði íbúa í þéttbýlinu.

Kostir:

- Nægt landrými.
- Stutt í veitukerfi.
- Stutt í frekari þjónustu.
- Miðlægt á fjölförnu ferðamannasvæði.
- Umferð dreift á fjölförnu ferðamannasvæði.
- Möguleg hringleið á leiðinni Grjótagjá – Hverfjall – afleggjari.
- Útsýnisstaður.
- Hugsanlegt að byggja upp frekara þjónustusvæði í tengslum við þekkingarsetursuppbyggingu.

Gallar:

- Hátt verndargildi hrauns og Hverfjalls (Hverfells).
- Óspillt svæði.
- Óskipulagt svæði.
- Vantar alla helstu innviði.
- Ósamið við landeigendur.

## 6.4. Dimmuborgir

Þessi kostur kom inn á borð hjá starfshópnum eftir að fregnir bárust af því að Landgræðslan hygði jafnvel á frekari uppbyggingu í Dimmuborgum. Landgræðslan er einn af þeim aðilum sem horft var til varðandi samstarf enda með umfangsmikla starfsemi á svæðinu.

Kostir:

- Landeigendur almennt jákvæðir (Landgræðslan).
- Stór ferðamannastaður.
- Veitingastaður á staðnum.
- Á teikniborði Landgræðslunnar, gæti verið stuðningur af/frá þeirri stofnun.
- Hægt að laga byggingu að landslagi.
- Dimmuborgir kæmst inn á skipulagða vetrarhreinsun vega.
- Vinnustaður í nánd við fallegar gönguleiðir.
- Hægt að hitta jólasveina í desember!
- Tiltölulega stutt í næsta þjónustukjarna.
- Útsýnisstaður.

Gallar:

- Stór ferðamannastaður nú þegar.
- Myndi auka umferð inn á svæðið og þar með átroðning.
- Niðurbrot hrauns sem er með hátt verndargildi.
- Nokkuð úr leið.
- Ósamið við landeigendur.
- Óskipulagt svæði að hluta.

## 6.5. Skjólbrekka

Skjólbrekka er húsnæði í eigu sveitarfélagsins og stendur einnig á lóð sem hentað gæti til uppbyggingar/viðbyggingar. Þess vegna gæti þessi kostur hugsanlega hentað til uppbyggingar þekkingarseturs. Horft var til þess að hægt yrði að nýta Skjólbrekku sem félagsheimili áfram þrátt fyrir starfsemi þekkingarseturs í húsinu.

Kostir:

- Húsnæði til staðar.
- Lóð í eigu sveitarfélagsins.
- Stærri salir og stutt í frekari þjónustu á svæðinu.
- Landfræðilega miðsvæðis í sveitinni.
- Hugsanlega hægt að byrja starfsemi fljótt í húsinu.
- Nálægð við RAMÝ.
- Stór ferðamannastaður.
- Veitinga- og gistimöguleikar á svæðinu.

Gallar:

- Gæti verið of þröngt svæði fyrir stóru hugmyndina.
- Fjarlægð frá núverandi grunnþjónustu, s.s. heilsugæslu, verslun, skólum.
- Húsnæði óhentugt, gæti verið erfitt að breyta og aðlaga að starfseminni.

## 6.6. Hofstaðir

Horft var til Hofstaða með það í huga að þar er nægt landrými og þar hefur einnig verið öflug starfsemi í tengslum við fornleifarannsóknir á staðnum.

Kostir:

- Mikið landrými.
- Framtíðarlandrými til skipulags.
- Tenging við fornleifar og sérfræðinga á því sviði.
- Möguleiki á samvinnu og samstarfi í tengslum við fornleifarannsóknir.
- Getur verið staðsett nærri hringvegi, þ.e. nær miðju sveitarinnar en Hofstaðabærinn.
- Lítið verndargildi lands, lítið um hraun.
- Hugsanlegt að byggja upp frekara þjónustusvæði.
- Stutt í hitaveitu og rafmagn.
- Umferð dreift um sveitina.

Gallar:

- Óljóst eignarhald.
- Fjarlægð frá grunnþjónustu.
- Vantar nýtanlegt kalt vatn.
- Óskipulagt svæði.
- Ósamið við landeigendur.

## 6.7. Grímsstaðir

Grímsstaðir þóttu henta vel þar sem þar er fyrirhuguð umtalsverð starfsemi með uppbyggingu nýs hótels. Þar er nægt landrými til staðar og gott útsýni.

Kostir:

- Mikið landrými.
- Framtíðarlandrými til skipulags.
- Getur verið staðsett nálægt hringvegi.
- Lítið verndargildi lands, lítið um hraun.
- Stutt í veitinga- og gistiþjónustu.
- Stutt frá grunnþjónustu.
- Landeigendur almennt jákvæðir fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.
- Útsýnisstaður.
- Hugsanlega hægt að byggja upp frekara þjónustusvæði í tengslum við uppbyggingu hótels og þekkingarseturs.
- Stutt í heitt og kalt vatn.
- Umferð dreift um sveitina.

Gallar:


- Hugsanlega inni á verndarsvæði (fer reyndar eftir þeirri staðsetningu sem valin yrði).
- Ekki inn á skipulagi.
- Ósamið við landeigendur.



## 6.8. Niðurstöður staðsetningarkosta

### Staðsetning til framtíðar

Fleiri staðir voru ræddir með tilliti til uppbyggingar þekkingarseturs en þeir sem að ofan eru taldir þóttu helst koma til greina. Meðfylgjandi mynd sýnir alla staðsetningarkosti sem að ofan eru taldir. Við alla staðsetningarkosti þarf að skoða vel með hvaða hætti hægt er að leysa fráveitumál slíks vinnustaðar. Nauðsynlegt er við alla uppbyggingu atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu að fráveitumál séu leyst með þeim hætti að náttúran fái að njóta vafans í þeim efnum og þau séu leyst með sóma, ekki síst þegar síðustu rannsóknir virðast benda til þess að athafnir manna á svæðinu, þ.m.t. losun skólps séu að hafa alvarlegar afleiðingar á Mývatn og lífríki þess.



Mynd 5.2. Staðsetningarkostir í Mývatnssveit (ja.is)

Sé horft til stærri hugmyndarinnar þarf að taka tillit til landrýmis, hvort sem sýningarrými er byggt samhliða þekkingarkjarna eða ekki. Í því samhengi má segja að Grímsstaðir, Hverfjall og Dimmuborgir skori nokkuð hátt, bæði vegna góðs landrýmis og þægilegrar fjarlægðar frá þéttbýlinu

í Reykjahlíð. Á Hofstöðum er einnig nægt landrými og sú staðsetning gæti verið skemmtilegur kostur með tilliti til hugsanlegrar uppbyggingar fornleifaseturs á staðnum. Hið sama gildir þó um alla þessa fjóra staði að ekkert skipulag fyrir slíka uppbyggingu eða starfsemi er fyrir hendi, né samningar við landeigendur. Ef horft skal til húsnæðis sem Skútustaðahreppur á gæti Skjólbrekka verið góður kostur og hugsanlega væri hægt að framkvæma þar breytingar fljótt og vel þannig að starfsemi gæti hafist sem fyrst. Hins vegar gæti verið erfitt að koma stærri hugmyndinni þar fyrir. Reykjahlíðarþorp gæti hentað fyrir minni hugmyndina, þ.e. eingöngu þekkingarkjarnastarfsemi, en þar sem landrými þar er takmarkað er ljóst að afar erfitt yrði að koma stærri hugmyndinni þar fyrir. Núverandi húsnæði Skútustaðahrepps gæti verið ákjósanlegur valkostur til bráðabirgðastarfsemi á meðan framtíðarstaður verði valinn og verkefnið útfært, en rými er að líkindum of lítið til að byggja á til frambúðar.

Eftir að hafa grandskoðað alla þessa staðsetningarkosti hefur starfshópurinn komist að niðurstöðu um að mæla með Grímsstöðum, nálægt vegamótum, sem staðsetningu fyrir þekkingarsetur. Grímsstaðir eru sérstaklega vel í sveit settir í Mývatnssveit. Þar er landrými mikið og segja má að þaðan liggja leiðir til allra átta í sveitinni, framkvæmdavinna er að fara í gang í nágrenninu og Reykjahlíðarþorp er í þægilegri fjarlægð (ca. 4 km). Svæðið býður upp á mikla möguleika, ekki eingöngu til byggingar þekkingarseturs heldur væri einnig hægt að skipuleggja þar eins konar fjölnota þekkingarsvæði. Sjá mætti fyrir sér að þar yrðu byggðar gestastofur stofnana, ekki endilega undir sama þaki og þekkingarsetrið heldur væru þessar stofnanir á sama svæði með ákveðna samnýtingarmöguleika. Einnig mætti skipuleggja á sama svæði lóð fyrir íbúðir eða smáhýsi. Þá yrði komist hjá því að byggja allt of stóra byggingu en í stað þess væri hægt að koma upp fleiri byggingum á sama svæði sem falla vel að umhverfinu.

### **Staðsetning til bráðabirgða**

Þar sem ljóst er að nokkur tími líður frá því að vinna hefst við útfærslu og uppbyggingu þekkingarseturs leggur starfshópurinn til að fundið verði húsnæði til bráðabirgða í sveitarfélaginu svo hægt sé að hefja sem fyrst starfsemi á sviði þekkingarseturs. Ljóst er að þörfin fyrir slíka starfsemi í Mývatnssveit er nú þegar til staðar. Til dæmis vantar áþreifanlega aðstöðu á svæðinu fyrir námsver og fjarfundabúnað sem Þekkingarnet Þingeyinga hefur umsjón með. Hægt er að hefja slíka starfsemi í bráðabirgðahúsnæði, til dæmis á vegum Skútustaðahrepps eins og áður hefur verið rakið, meðan á nánari útfærslu framkvæmdar fer fram. Slíkt er líklegt til að vekja jákvæða athygli heimafólks, stofnana og annarra á verkefninu, sem mun auðvelda þá framkvæmd að koma

starfseminni af stað í því húsnæði sem valið verður. Ráðinn verði aðili sem vinnur jafnt að framgangi framtíðarþekkingarseturs og við rekstur og þjónustu þekkingarseturs til bráðabirgða.

## 7.0. Niðurstöður

### 7.1. Þekkingarsetur - raunhæfur kostur í Mývatnssveit

Vinnsla þessa verkefnis er vonandi fyrsta skrefið í uppbyggingu öflugrar þekkingar- og atvinnustarfsemi í Mývatnssveit. Grundvöllurinn að slíkri uppbyggingu eru þær stofnanir sem þegar eru starfandi í sveitarfélaginu og hafa hug á því að byggja upp sína starfsemi með þeim hætti að sem best verði að henni búið. Þessar stofnanir allar, sem og sveitarfélagið, eru nú þegar að greiða fyrir húsnæðisaðstöðu í Mývatnssveit með einum eða öðrum hætti og má því segja að því fjármagni sem nú er varið til húsnæðiskostnaðar muni verða mun betur varið í einum öflugum þekkingarkjarna. Á Húsavík hefur tekist vel til við að byggja upp umfangsmikla atvinnustarfsemi á þekkingarsviði þar sem innan veggja þekkingarsetursins starfa nokkrar stofnanir sem saman mynda öflugan kjarna og ekkert er því til fyrirstöðu að hið sama verði gert í Mývatnssveit. Að auki er slík starfsemi hagkvæm þegar kemur að samnýtingu húsnæðis og starfsfólks sem ella myndi verða dýr þáttur ef hver og ein stofnun stæði ein og sér að sinni starfsemi.

Það er niðurstaða starfshópsins að æskilegt væri að stofnanir sem þegar eru starfandi á þekkingarsviði í sveitarfélaginu muni þegar í stað leita leiða til að færa starfsemi sína undir sama þak og Skútustaðahreppur og mynda þar með fyrstu mynd þekkingarseturs í Mývatnssveit. Í framhaldinu muni þær stefna að samrekstri undir einu þaki í framtíðarhúsnæði sem verður fyrir valinu.

### 7.2. Stærð og umfang

Ljóst er að stærð þekkingarseturs í Mývatnssveit fer eftir því hve margir munu koma að starfseminni. Þó er nokkuð eðlilegt að telja að slíkt setur gæti verið á bilinu 160 – 300 fermetrar að stærð í fyrsta áfanga, með stækkunarmöguleika síðar. Þar er átt við þekkingarkjarnann sjálfan en innan veggja hans myndu starfa að minnsta kosti 8 – 13 manns. Ef sú útfærsla yrði valin að bæta sýningarsölum við þekkingarkjarnann myndi húsnæðið verða umtalsvert stærra. Leiða má getum að því að kostnaður við sameiginlegt rými myndi ekki aukast hlutfallslega og að ná megi fram nokkurri hagkvæmni í rekstri verði sú leið valin. Einnig má hugsa sér að hefja byggingu þekkingarkjarna en gera ráð fyrir sýningarrými í viðbyggingu eða á sömu lóð þó að ekki yrði farið í þá byggingu samhliða. Í öllu ferlinu er þó nauðsynlegt að hafa í huga að þó að hugsanlega verði

byggt upp í áföngum má ekki sníða verkefninu of þröngan stakk þannig að stækkunarmöguleikar verði litlir sem engir.

### 7.3. Staðsetning þekkingarseturs

Starfshópurinn mælir með að þekkingarsetri verði fundinn framtíðarstaður á Grímsstöðum. Þaðan liggja leiðir til allra átta, landrými er mikið og staðsetningin býður upp á mikla möguleika til skipulagningar. Jafnvel mætti skipuleggja svæði sem væri ekki eingöngu fyrir þekkingarsetur heldur alhliða svæði sem gæti hentað undir starfsemi ýmissa stofnana sem hug hafa á uppbyggingu í sveitinni, svo sem gestastofur og skrifstofurými. Á þessu svæði gæti einnig rúmast lóð fyrir íbúðarhúsnæði eða smáhýsi. Með þessu móti væri hægt að komast hjá því að byggja eina stóra byggingu sem hýsa myndi þekkingarstarfsemi og gestastofur með tilheyrandi sölum og aðstöðu sem hugsanlega yrði mjög stór og félli illa að umhverfinu. Einnig væri hægt að hefja uppbyggingu fyrir þekkingarstarfsemi um leið og skipulagningarvinnu væri lokið en jafnframt væri búið að skipuleggja svæði fyrir aðrar stofnanir sem hug hafa á byggingu gestastofa á svæðinu.

### 7.4. Aðgerðir – næstu skref

Starfshópurinn telur ljóst að rekstrarlegar forsendur séu fyrir starfsemi og byggingu þekkingarseturs í Mývatnssveit og brýnt sé að koma verkefninu til framkvæmda. Starfshópurinn leggur til að næstu skref í framkvæmd verkefnisins verði eftirfarandi:

#### ***1) Starfsemi hefjist strax í bráðabirgðahúsnæði***

Útfærsla og skipulag uppbyggingar þekkingarseturs tekur tíma en ljóst er að þörfin fyrir slíka starfsemi í Mývatnssveit er nú þegar til staðar. Til dæmis vantar áþreifanlega aðstöðu á svæðinu fyrir námsver og fjarfundabúnað sem Þekkingarnet Þingeyinga hefur umsjón með. Hægt er að hefja slíka starfsemi í bráðabirgðahúsnæði, til dæmis á vegum Skútustaðahrepps, á meðan útfærsla þekkingarsetursframkvæmdar stendur yfir. Slíkt er líklegt til að vekja jákvæða athygli heimamanna, stofnana og annarra á verkefninu, sem mun auðvelda að koma starfseminni af stað í því húsnæði sem valið verður.

Hópurinn mælist enn fremur til þess að sveitarfélagið Skútustaðahreppur haldi áfram að leiða verkefnið í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og/eða aðra aðila og þessir aðilar auglýsi eftir

starfsmanni sem fyrst svo samfella haldist í vinnslu verkefnisins. Starfsemi þekkingarseturs mun án efa hlaða utan á sig þegar hún er komin af stað og efla gott samfélag í Mývatnssveit til þess að verða enn betra og öflugra á komandi árum og skapa jafnframt ný tækifæri í fræða- og atvinnustarfsemi.

## ***2) Undirbúningur og skipulagning húsnæðis fyrir þekkingarsetur***

Starfshópurinn mælist til þess að sem fyrst verði ráðist í frekari vinnu við uppbyggingu og útfærslu á verkefninu og miðað verði við að fullnaðaraðstaða þekkingarseturs, a.m.k. fyrir þekkingarkjarnann, verði tekin í gagnið á næstu tveimur árum. Ráðinn verði aðili sem mun vinna við stjórnun bráðabirgðahúsnæðis þekkingarseturs en hluti hans starfs muni einnig vera að vinna að vexti og framgangi þekkingarseturs til framtíðar.

## Viðauki 1 – Spurningakönnun

Spurningakönnun sem send var út til valdra aðila. Einnig var sent út dreifibréf til Mývatninga þar sem þeim gafst kostur á að svara könnuninni.

Mývatnssveit 18. 11. 2015.

Efni: Stofnun Fræða/þekkingarseturs í Mývatnssveit.

Ágæti viðtakandi.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 25. febrúar 2015 var samþykkt að skipa starfshóp sem kanna myndi möguleika á uppbyggingu fræða/þekkingarseturs í Mývatnssveit. Starfshópurinn skipaðu Ásta Kristín Benediktsdóttir, Bjarni Jónasson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir og Sigurður G. Böðvarsson og skilaði hópurinn greinargerð vegna vinnu sinnar þann 14. apríl sl.

Ljóst er að brýn þörf er á að koma upp húsnæði í Mývatnssveit sem gæti rúmað ýmiss konar starfsemi og stofnanir sem starfa á ýmsum stöðum í sveitarfélaginu. Einnig er þörf á og vilji til að koma upp húsnæði fyrir námsver og aðstöðu fyrir fjar- og háskólanema í sveitinni. Enn fremur hafa komið upp hugmyndir um að í nýju húsnæði sem myndi rúma margs konar starfsemi, mætti koma á fót þekkingarstarfsemi og ýmiss konar samstarfi, t.d. við rannsóknir og námskeið. Loks hefur verið nefnt að í nýju húsnæði mætti koma upp skrifstofurými sem hægt væri að leigja einstaklingum sem starfa sjálfstætt eða geta unnið yfir netið. Allt myndi þetta stuðla að bættri aðstöðu og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi Mývatnssveitar, auk þess að skapa möguleika á ýmiss konar þekkingar- og fræðasamstarfi þeirra stofnana og félaga sem þegar starfa á svæðinu. Einnig myndi slíkur vinnustaður skapa mikinn félagslegan mannaúð, mun meiri en margar fámennar starfstöðvar geta gert.

Í framhaldi af vinnu starfshópsins ákvað Skútustaðahreppur í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga að leita eftir styrk til Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra um frekari þróun á slíkri þekkingarstarfsemi og nýsköpun í Mývatnssveit. Styrkur fékkst til verkefnisins og hefur undirrituð verið ráðin sem verkefnisstjóri til að vinna áfram að þróun og þarfagreiningu þeirra hugmynda sem starfshópurinn setti fram.

Til að slík þarfagreining og frekari þróun hugmyndarinnar geti farið fram er nauðsynlegt að kanna áhuga hugsanlegra aðila til samstarfs í slíku þekkingarsetri. Þessir aðilar geta hvort sem er verið fyrirtæki, stofnanir, starfsstöðvar eða einstaklingar á svæðinu eða aðilar sem sjá sér hag í að koma að

slíkri starfstöð en eru ekki með aðstöðu eins og er í Mývatnssveit. Með bréfi þessu er óskað eftir hugmyndum áhugasamra um hver hugsanleg rýmisþörf gæti orðið í slíku þekkingarsetri. Með rýmisþörf er átt við hvers konar rými henti starfsemi viðkomandi, t.d. opið rými, skrifstofa, fundarsalur, námsrými, sýningarsalur og svo framvegis. Rétt er að taka fram að staðsetning er ekki ljós enda margir staðir sem kæmu til greina, Nauðsynlegt er að vinna ákveðna greiningarvinnu á þeim hugmyndum sem komið hafa fram og einnig gætu fleiri kostir komið upp við vinnslu þessa verkefnis.

Meðfylgjandi er hlekkur á könnun þar sem óskað er eftir svörum um hverskonar rými viðkomandi stofnun/starfstöð gæti þurft á að halda ef áhugi er til staðar. Einnig er hægt að setja þar fram aðrar hugmyndir ef þær eru og eru þær vel þegnar, þ.á.m. um staðsetningu. Einfalt er að svara könnuninni, smelt er á hlekkinn og þá opnast könnunin. Einnig er hægt að senda undirritaðari svörin í tölvupósti ef þess er frekar óskað. Vinsamlegast sendið svör/svarið könnun fyrir 5. desember.

Hlekkur á könnun: <https://www.surveymonkey.com/r/N6MD8KK>

Ljóst er að ekki er hægt að setja fram tölur um kostnað á þessu stigi máls þar sem einungis er verið að kalla eftir hugmyndum áhugasamra aðila. Athugið að þó óskað sé staðfestingar á áhuga er ekki á þessu stigi verið að fara fram á skuldbindandi ákvarðanir heldur vel ígrundaða greiningu á þörfum og útfærslu í samstarfi sem þessu ef til þess kæmi. Rétt er að taka fram að nauðsynlegt er að könnun sé svarað með nafni svo hægt sé að halda utan um hverjir hafa skilað svörum.

Ef nánari upplýsinga er þörf eða ef vilji er fyrir frekara spjall áður en staðfesting er send, er hægt að ná í undirritaða í síma 864 5890 eða senda tölvupóst á netfangið [maggavals@gmail.com](mailto:maggavals@gmail.com).

Virðingarfyllt

---

Margrét Hólm Valsdóttir  
Verkefnisstjóri

Könnunin var send út rafrænt á slóðinni <https://www.surveymonkey.com/r/N6MD8KK> og er meðfylgjandi.



## Viðauki 2 – Heildarsvör úr SVÓT-greiningu

### Styrkleikar

- Frjótt vinnuumhverfi.
- Samstarfs stofnana og fyrirtækja, mannauður á einum stað.
- Sýnileiki fyrir nærsamfélagið (betri meðvitund um stofnanir á svæðinu).
- Öryggi varðandi húsnæði, þrif og utanumhald húsnæðis.
- Skemmtilegt og aðlaðandi vinnuumhverfi.
- Fjölbreytt starfsemi (Skemmtileg í sjálfu sér, eggjin(starfsemin) eru í mörgum körfum, ekki bara einni).
- Nýr vinnumarkaður opnast.
- Eftirspurn er til staðar nú þegar, varðandi vinnuástöðu, námsaðstöðu og fundi.
- Auðveld fjármögnun, stofnanir og galopnir sjóðir. Stofnanir þegar að borga leigu fyrir núverandi húsnæði.
- Fagmennska.
- Jákvæð ímynd sveitarinnar styður uppbyggingu þekkingarseturs.
- Samstarf við ÞP og Urðarbrunn og aðra í þekkingarstarfsemi á svæðinu.
- Sameina frjóan hugmyndajarðveg ólíkra starfstétta, leiðir af sér frjóa sköpun, jafnvel óvart eða upp úr þurru.
- Lágmarksskostnaður á skrifstofurými.
- Félagslegur styrkur starfsmanna.
- Tenging starfsmanna innbyrðis jafnvel þó þeirra starfsemi sé ólík.
- Vinnustaður sem breytist með umhverfinu, hægt að laga starfsemi . vinnustaðarins að fólkinu sem vinnur þar hverju sinni.
- Sinnir þekkingarstarfi og rannsóknem sem þörf er á og tengist svæðinu (ferðamennska, jarðfræði, líffræði, saga og samfélag).
- Gæti orðið einn stærsti vinnustaður sveitarinnar og fyrirtækja innan setursins.
- Félagslíf starfsmanna.
- Mikilvægi kaffistofunnar – hjarta starfseminnar.
- Landfræðileg nálægð setursins við viðfangsefnið í stóru myndinni.
- Gott aðgengi að sérfræðimenntuðum starfsmönnum og námsmönnum sem geta tekið að sér kennslu og ýmis störf og námskeið.
- Gott aðgengi að stofnunum sem starfa á svæðinu.
- Nálægð við framhaldsskólana á svæðinu.
- Gott aðgengi að ljósleiðara, netvæðing í góðu lagi.
- Dreifing umferðar ef staðarval er utan helstu þéttbýliskjarna.
- Sterkir innviðir vegna ferðaþjónustu (gisting, veitingasala, barir, böð,salir)
- Gott samstarf við rekstraraðila sem eru með stærri sali en verða til reiðu í ÞM.

## Veikleikar:

- Gæti orðið of stór vettvangur í samfélaginu landfræðilega, að finna honum stað vegna stærðar.
- Erfið fjármögnun, hver á að fjármagna?
- Of stór vinnustaður í samfélaginu. Dregur til sín of margt starfsfólk á einn stað og gæti tekið frá öðrum stöðum.
- Samskiptavandamál ólíkra hagsmuna á vinnustaðnum.
- Gæti orðið of fjölbreyttur og ósamstæður vinnustaður.
- Erfitt start, bygging hússins og fjármögnun.
- Erfið fjármögnun fjármögnun á verkefnum.
- Stóra útfærslan gæti orðið of stór, erfitt að samræma sýningarrýmin og skrifstofustarfsemina. Fer saman að hafa þekkingarstarfsemi og ferðamennskutengda starfsemi í sama húsi?
- Veðurhád verkefni, verkefni geta verið erfið í framkvæmd vegna erfiðra veðuraðstæðna.
- Samkeppni um fjármögnun, stofnanir eru í kapphlaupi um fjármagn sem er í boði.
- Landeigendur...eignarhald á landi.
- Ábyrgð – frumkvæði, hver dregur vagninn?
- Skuldbinding í fjármögnun húsnæðis, t.d. leigusamningar til langs tíma.
- Markaðsverð vs. byggingarkostnaður.
- Fjarlægð frá stofnunum, fyrirtækjum og háskólum.
- Lítið samband við nærsamfélagið.
- Dýr rekstur, innkaup og aðföng, flutningskostnaður?
- Ekki tekst að koma á nauðsynlegu samstarfi á milli ÞÞ og Urðarbrunnis t.d. eða setra með sambærilega starfsemi.
- Mikið landrými þarf undir t.d. bílastæði ef um stóru myndina er að ræða.

## Tækifæri:

- Þekkingarsetur virkjar Íbúa sveitarinnar í að stunda nám.
- Virkjar íbúa í frumkvöðlastarfsemi og sjálfstæðum verkefnum.
- Sameinar fyrirtæki, einstaklinga og stofnanir í sveitinni og stuðlar að samvinnu.
- Samfélagslega mjög góður vinnustaður.
- Starfsemin getur aðlagast samfélagsbreytingum t.d. breytingum á atvinnuháttum.
- Möguleikar á þróun og útfærslu háskólastarfs eða háskólastarfsemi síðar.
- Möguleikar á að taka þátt í, virkja og efla menningarstarfsemi á svæðinu með því að virkja bæði mannaud og sali sem til staðar eru. Einnig hægt að bjóða tímabundið til leigu aðstöðu fyrir listamenn við vinnu.
- Mikil tækifæri í samstarfi og nálægð við Þekkingarnet Þingeyinga.
- Nýjar atvinnuhugmyndir sem gætu leitt af sér önnur störf – nýsköpun.
- Aukið samstarf á milli stofnana við að draga fé inn á svæðið t.d. í formi styrkja.
- Gæti dregið að sér fræðafólk og sérfræðinga jafnvel erlendis frá.
- Getur leitt til herra menntunarstígs á svæðinu.
- Aukið útsvar og fasteignagjöld, fleiri störf, auknar opinberar tekjur.
- Aukin þekking á fræðilegum viðfangsefnum á svæðinu, aukin tækifæri til að miðla þekkingu til íbúa, tenging við skólafnanir á svæðinu.
- Meiri skilningur íbúa á viðfangsefnum sem verið er að vinna með innan setursins. M.a. með tilliti til náttúruverndar.
- Jákvætt viðhorf sveitarfélagsins til starfandi stofnana á svæðinu.
- Frjór aðlaðandi vinnustaður laðar til sín fleiri opinber störf inn á svæðið.
- Skrifstofa sveitarfélagsins eflist verulega og tengist íbúum og þekkingarstofnunum á svæðinu.
- Starfsmenn setursins öðlast aukna þekkingu á starfsemi sveitarfélagsins ef það er inn í þekkingarsetursstarfsemi.
- Varðveita og miðla þekkingu á sveitinni.
- Mönnun stofnananna yrði mun auðveldari en í einmenningsstöðvum.
- Rekstur stakra stofnana batnar með samrekstri.
- Alþjóðlegt samstarf gæti aukist með tilkomu ÞM – Ramsar.
- Tækifæri í hugvísindarannsóknum og verkefnum á landsbyggðinni. Hafa hingað til verið bundið höfuðborgarsvæðinu, litlar rannsóknir verið í gangi út á landi. Vantar þessa tengingu út á land. Mikil tækifæri gætu legið í þessu í sveitinni, t.d. að tengjast við það sem verið er að gera í Svartárkoti.
- Gott samstarf við rekstraraðila sem eru með stærri sali en verða til reiðu í ÞM.
- Frekari fjárútlát hjá opinberum stofnunum eru í pípunum.
- Jákvæð byggðapróun.
- Áform Landgræðslunnar og fleiri stofnana um framkvæmdir í sveitinni.

## Ógnanir:

- Viðhorf og lítt skilningur íbúa til setursins, fordómar.
- Aðilar sem eru fyrir á svæðinu tregir til samstarfs.
- Áform Landgræðslunnar og fleiri stofnanna um framkvæmdir í sveitinni.
- Óljós áform um sameiningu stofnana t.d. UST og Landgræðslunnar og fyrirhuguð sameining RAMÝ og Náttúrufræðistofnunar.
- Skuldbinding aðila haldist, skuldbinding húseiganda, rekstraraðila.
- Markaðsverð vs. byggingarkostnaðu, þ.e. byggingarkostnaður gæti orðið mun hærri en markaðsverð fasteignarinnar.
- Samfélagslega drottnandi vinnustaður.
- Starfsmenn staddir í filabeinsturni.
- Vantrú íbúa á þeim starfsmönnum sem eru á setrinu, halda að starfsmenn líti á sig sem hina æðri stétt í samfélaginu.
- Uppbygging gæti orðið eingöngu á einum stað og starfsemin orðið ráðandi.
- Staðsetning með tilliti til fjarlægðar frá þéttbýli.
- Grefur þetta undan starfsemi og nýtingu annarra húsa í sveitarfélaginu?
- Óskýr verkskipting milli starfsmanna.
- Ólíkir hagsmunir ólíkra starfstöðva geta leitt af sér árekstra.
- Fjármögnun og rekstur óskýr.
- Rangt val á staðsetningu. Ákvörðun um staðsetningu snýst ekki bara um húsið sjálft heldur samfélagið í heild.
- Skortur á frumkvæði við að koma verkefninu á laggirnar.
- Húsnæðisskortur í sveitinni.
- Vegagerð og samgöngur við sveitina.
- Yfirvofandi bankahrun.
- Samkeppni um fjármagn við önnur sambærileg verkefni þeirra stofnana sem kynnu að koma að málinu líkt og bygging UST á Kirkjubæjarklaustri og hugsanleg bygging Landgræðslunnar í Dimmuborgum.

## Viðauki 3 – Opin svör aðila í könnun

“X hefur áhuga á að reka "námsver" í Þekkingarsetrinu. Útheimtir sameiginlegan aðgang að kennslu-/fundarrými (þarf ekki að vera stórt). Myndi útvega fjarfundabúnað, kennslutæki og eiga hlut í húsgögnum. X þyrfti alltaf að eiga aðgengi að starfsmanni með einhverjum hætti. Í minnsta lagi samnýttum skrifstofustarfsmanni sem sæi um praktíska hluti, en hugsanlega líka heilan eigin starfsmann.”

“Eins og staðan er í dag þarf X ekki á að halda skrifstofuaðstöðu í Mývatnssveit. Tvönnskonar aðstæður gætu þó skapast, sem myndu verða til að þörf yrði á slíkri aðstöðu. Upp gæti komið að X þyrfti á að halda skrifstofuaðstöðu fyrir starfsmann sem ynni þar að að tímabundnum verkefnum. Helst væri þá um að ræða t.d. námsmann eða sumarstarfsmann á vegum X. 2) Ef ráðinn yrði starfsmaður til X sem vildi búa í Mývatnssveit, þá myndi skapast þörf fyrir aðgang að skrifstofurými. Ef önnur hvor staðan kæmi upp, væri æskilegast að vera í námunda við X, þe starfsemi X væri einnig tengd þekkingarsetrinu”

“Mjög óljóst er þörf X til lengri tíma. Tölurnar að ofan eru því lágmarkstölur og munu bara hækka. Tímabundið skrifstofurými væri til sumarnota. Sýningaraðstaðan þarf að lágmarki að vera 100 fm. Aðskilið frá sýningaraðstöðu þarf að vera upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn "afgreiðsla" "móttaka" eða "upplýsingagjöf" vantar því á listann ;)”

“Ef X gæfist kostur á að koma inn í fræða/þekkingarsetur þá þyrftum við að geta tekið á móti gestum og haft einhverskonar móttöku/afgreiðslu og mögulega sölurými fyrir varning. Ég veit ekki hvort það á heima með fræða/þekkingarsetri en það er þess virði að skoða það :-). Varðandi skrifstofurými þá myndi lokað skrifstofurými henta en opið skrifstofurými gæti hentað líka ef það væri t.d. lokaður kleri þar sem væri hægt að komast í næði til að hringja o.fl. X heldur kannski ekki marga fundi en það þyrfti samt að vera aðgengi að slíku rými.”

“Sýningarsalur er teygjanlegur og spurning hvað eigi að felst í honum. Við erum fyrst og fremst að horfa í að hafa aðstöðu, hugsanlega fasta aðstöðu fyrir 1-2 starfsmann. Fer eftir búsetu þeirra.”

“Rannsóknarstofa”

“Við bjóðum upp á fjarnám og allnokkur fjöldi nemenda er skráður í það, dreifður um allt land. Það er kostur að geta boðið upp á próftökustað nærri heimili nemenda.”

“Þarna þyrfti að vera hægt að geta sest niður og tengst neti og haft aðgang að prentara og öðrum helsta skrifstofubúnaði, bæði fyrir nemendur og aðra rannsakendur. Ef það er í opnu rými með öðrum í fræðasetri, er hægt að virkja samlegð þeirra sem þarna mundu vera hverju sinni.”

“Hægt væri að deila fundarsal með öðrum.”

“Án allrar ábyrgðar því engir fjármunir liggja fyrir um slíka starfsemi en þá sér maður fyrir sér að frá X gæti í framtíðinni verið starfsstöð á Mývatni. Þar gæti starfsmaður t.d. verið í rannsóknum á sviði náttúruvísinda og/eða ferðamála og í tengslum við slíkar rannsóknir námsmenn og tímabundið/verkefnaráðið starfsfólk verið á staðnum.”

“Ekki endilega útilokað að hafa opin rými í stað skrifstofa. Ef um opin rými yrði að ræða þyrfti að gera ráð fyrir starfsaðstöðu fyrir allt að 3. Gott væri að hafa aðgang að fundaraðstöðu/fundarsal fyrir allt að 12 manns. Sýningarrými þyrfti að vera sambærilegt því sem X er nú með í X. Gott væri að hafa starfsaðstöðu fyrir sumarstarfsmenn (tímabundið rými). Það mætti vera í opnu rými. Gera þyrfti ráð fyrir góðri geymsluaðstöðu, búningsherbergi eða rými með læstum fataskápum, sturtuaðstöðu, þvottaaðstöðu og mötuneyti/eldhúsi.”

“Náttúrulega erum við mjög hrifnir af hugmyndin um að hafa fræða/þekkingarsetur í Mývatnssveit!

Ég vil taka undir orð X, við erum mjög spennt fyrir þessum hugmyndum sveitarstjórnar um þekkingasetur. Fyrir mig persónulega þá eru þessi rannsóknaverkefni okkar svolítið eins og að „koma heim“, þar sem tengingar mínar við sveitina hafa haft mikil áhrif í að móta nám mitt og feril. Okkar rannsóknahópur hefur þá sérstöðu að við höfum aðgang að X X sem nýtist að vissu marki, en takmarkast að því að við erum enn ekki búin að gera upp húsið til viðveru nema yfir há

sumarið – auk þess X þarf einnig að fullnægja þörfum X. Ég hef orðið vör við það að aðgangur að vinnuástöðu og húsnæði yfir ferðamannatímamann er nú þegar orðinn takmarkandi þáttur fyrir þá fræðimenn sem vilja vinna að verkefnum í sveitinni. Gistikostnaður er orðinn mjög hár og raunar orðið erfitt að fá pláss yfirhöfuð. Gamla prestshús er löngu búið að sprengja utan af sér – en hlutverk þeirrar aðstöðu nær raunar ekki nema yfir takmarkað svið af öllum þeim rannsóknum sem stundaðar eru í sveitinni. Rannsóknarverkefni okkar ná yfir mjög þverfaglegt svið, náttúrrannsókn, fornleifa, sögu og menningar í sveitinni. Í Neslöndum er vísir að safni sem fjallar um ákveðinn hluta af menningarsögu sveitarinnar (sem tilheyrir bátum og veiði í vatninu), en við teljum möguleikana vera svo miklu meiri fyrir Mývatnssveit þar sem hægt verður að hagnýta þá þekkingu sem unnin er úr vísindaverkefnum í sveitinni til atvinnuuppbyggingar. Með því að setja upp þekkingasetur og virkja með þeim hætti krafta vísindamanna í samstarfi við sveitarstjórn og íbúa sveitarinnar tel ég sveitastjórn vera að taka mjög mikilvægt skref til framtíðar.”

“Skrifstofuherbergi með sameiginlegri kaffistofu og fundaraðstöðu. Gætum jafnvel samnýtt skrifstofuherbergi með öðrum.”

“Mig langar þó til að benda á að ég á stundum leið um Mývatnssveitina með nemendahópa í vettvangsferðum þar sem við söfnum sýnum til örverugreininga. Hóparnir eru mis-stórir, en aldrei stærri en 50 manns, að kennurum meðtöldum. Hingað til hefur öll rannsóknastofuvinna og fyrirlestrahald farið fram á Akureyri, en auðvitað væri gott að eiga kost á að sinna þessu einnig annars staðar, svo sem í Mývatnssveitinni.”

## Viðauki 4 – Fundir starfshóps um þekkingarsetur.

### Fundir starfshóps

Starfshópurinn hefur hist með verkefnisstjóra á eftirfarandi dagsetningum. Að auki hafa verið ótal óformlegir fundir, viðtöl og tölvupóstar á tímabilinu.

10. nóvember 2015

16. nóvember 2015

12. janúar 2016

8. febrúar 2016

18. mars 2016

28. apríl 2016